

Ed.

872. Frumvarp til laga

[215. mál]

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. maí.)

1. gr.

3. málsg. 2. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili, orðist svo:

Það telst eigi heimili þótt maður dveljist í skóla, vinnuhæli eða fangelsi. Sama gildir um dvöl á sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili, dvalarheimilum fyrir aldraða og öryrkja svo og sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja, ef dvölin er eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsubótar. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.